

## Stutt innihaldslýsing KCA

Kaupthing Capitalisation Agreement dags. 03.09.2009 um yfirtöku skilanevndar Kaupþings á ríkisbankanum Nýja Kaupþing hf.

Samningurinn sem gerður var á grundvelli rammasamningsins Head of Terms.

Í K lið á bls. 4 gefur að líta markmiðið um yfirtöku skilanevndarinnar á nýja bankanum, ríkisbankanum NKB.

Efst á bls. 5 gefur að líta skilgreininguna á samningnum um vörslu og skilyrt virðisréttindi sem enn er haldið leyndum, ásamt meðfylgjandi „aftökulista“.

Í næstu setningu þar á eftir er árétting á nauðsynlegri aðkomu FME.

Í liðnum Subscription Assets á bls. 6 segir í lauslegri þýðingu „Subscription Assets þýðir eignir greiddar Nýja Kaupþingi hf. sem endurgjald fyrir áskriftarhluti samkvæmt samþykkt FME og í samræmi við skýrslu endurskoðanda um þær eignir sem greiða/afhenda skal fyrir áskriftarhlutina.

Framhaldið er síðan viðtækir samningsskilmálar að mestu um skilyrði, form og tímaramma við samningsframkvæmdina.

Í 9. tl. er samningsákvæði um eignaframsalið og í 5. viðauka er nafnalistinn „aftökulistinn“ sem FME vill ekki muna eftir. Hvoru tveggja er fellt út í eintakinu sem ég fékk. Væntanlega er nafnalistinn til í skjölum FME.

Lengi mætti halda áfram en ég ætla nú að snúa mér að því að líta á afleiðingarnar.

Allt átti þetta að spara ríkissjóði fé og draga úr áhættu en það var öðru nær.

Öll ríkisskuldabréfin sem upphaflega voru afhent fyrir hlutafé eru enn í Arionbanka sem hafði nýtt þau til fjármögnunar og veðsetningar í Seðlabankanum.

Sú Excel æfing sem byggðist á því að endurmeta áður niðurskrifuð lánasöfn bjó að sjálfsgöðu ekki til nýtt fé.

Bankinn var því í þeirri stöðu að hann gat ekki skilað ríkisskuldabréfunum.

Því var fundin sú leið að Íslenska ríkið gaf út ábyrgðaryfirlýsingu um eignasafn Dróma, tók það síðan að handveði fyrir ríkisskuldabréfunum sem Arionbanki gat ekki skilað.

Hér er væntanlega komin skýringin á því af hverju eignasafnið var ekki flutt beint yfir í Arionbanka með skuldunum.

Bankinn varð að fá að halda ríkisskuldabréfunum sem hann hafði fengið sem hlutafé í ríkisbankanum, annars hefði hann lent í alvarlegum lausafjárskorti.

Ef eignasafn Dróma verður flutt í Arionbanka þarf tvennt að gerast, uppgjör þarf að fara fram vegna ábyrgðaryfirlýsingar ríkisins og bankinn síðan að afhenda ríkisskuldabréfin til baka.

Niðurstaða þessarar einkavæðingar er því þessi:

Ríkið afhenti skilaneftinni bankann með því að leyfa henni að endurmeta niðurskrifuð lánasöfn skv. ákvörðun FME á grundvelli neyðarlaga. FME kvittaði síðan upp á það.

Áhætta ríkisins var hins vegar óbreytt og í raun verri þar sem ríkið átti engan stjórnunarrétt.

Öll ríkisskuldabréfin voru áfram í höndum bankans og því í áhætturekstri.

Ég held að þessi aðferð hljóti að teljast ein mesta og frumlegasta nýsköpun um einkavæðingu sem um getur.

Alvarlegustu afleiðingarnar eru síðan þær að ríkisstjórnin henti frá sér tækifærinu til nauðsynlegrar endurskipulagningar í bankakerfinu og hvarf frá þeim skuldaniðurfærslum sem neyðarlögin lögðu grundvöllin að og FME hafði ákveðið.

Lauslega metið ef horft er á uppgjör bankanna pr. 30.09.2012 sýnist „endurvinnslufengur vogunnarsjóðanna“ á nýju bönkunum umfram neyðarlögin sé kominn yfir 300 milljarða.